

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2018

Tilvísun ÞÍ: 2018042844/6.0

Tilvísun sendanda:

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um húsnæðismál (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs), 469. mál

Með vísan til frumvarps félags- og jafnréttismálaráðherra til laga um húsnæðismál (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs), sem lagt var fram á 148. löggjafarþingi 2017–2018, Þingskjal 675 — 469. mál, gefur Þjóðskrá Íslands eftirfarandi umsögn.

Umsögn Þjóðskrár Íslands snýr aðallega að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til þess að kalla eftir nauðsynlegum gögnum um húsnæðismarkaðinn frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra vegna verkefna þeirra sem Íbúðalánasjóði eru falin í 1. mgr., frumvarpsins þ.m.t. Þjóðskrá Íslands. Um er að ræða gögn sem varða efnahag heimila eftir svæðum, svo sem um tekjur, eignir, atvinnuþátttöku og örorku, fasteignaupplýsingar og önnur gögn sem varða húsnæðismál.

Þjóðskrá Íslands er með lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 falin tiltekin verkefni svo sem yfirstjórn fasteignaskráningar og rekstur gagna- og upplýsingakerfis er nefnist fasteignaskrá á tölvutæku formi, sbr. 1. gr. Einnig segir í 20. gr. að stofnuninni beri að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni. Stofnunin fagnar fyrirhugaðri samvinnu stofnana ríkisins og að fyrirliggjandi upplýsingar og gögn stofnana svo sem Þjóðskrár Íslands komi til með að nýtast Íbúðalánasjóði. Stofnunin telur að ekki þurfi að fela öðrum stofnunum þá starfsemi sem Þjóðskrá Íslands er falið að sinna með lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Þjóðskrár Íslands telur mikilvægt til þess að tilgangi frumvarpsins verði náð og fyrir samfélagið í heild, að upplýsinga- og gagnaskipti milli íbúðalánasjóðs og stofnana, svo sem Þjóðskrár Íslands verði á sama grundvelli og önnur upplýsingaskipti stofnana. Leggur Þjóðskrá Íslands því til að tilgreindri 2. mgr. 4. gr. verði breytt á þá leið að Íbúðalánasjóði verði gert að semja við stofnanir ríkisins á jafnréttisgrundvelli

um gögn og upplýsingar um húsnæðismarkaðinn sem nauðsynlegar eru vegna verkefna skv. 1. mgr. greinarinnar. Þá tekur stofnunin undir tillögu frumvarpsins þess efnis að Íbúðalánasjóði beri að upplýsa um tilgang þeirra gagna sem aflað er, hvernig úrvinnsla verði háttað, gögn varðveitt og niðurstöður birtar.

Helstu rök stofnunarinnar eru að eins og ákvæðið er orðað eru Íbúðalánasjóði lítil takmörk sett um aðgang að upplýsingum og getur sjóðurinn á grundvelli ákvæðins krafist umfangsmikilla ganga á því formi og innan þeirra tímamarka sem sjóðnum hentar með ófyrirsjáanlegum auknum verkefnum fyrir Þjóðskrá Íslands sem getur leitt til þjónustuskerðingar gagnvart öðrum viðskiptavinum stofnunarinnar nema að hún fái annaðhvort samsvarandi hækkað ríkisframlag eða heimildir til hækkana í gjaldskrá Þjóðskrár Íslands..

Telur stofnunin að afhending upplýsinga og gagna eigi að fara fram á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt og telur Þjóðskrá Íslands að frumvarpið eigi því að kveða á um að afhendingarmáti og að afhendingartími eigi að vera umsaminn og eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma. Vitaskuld er þar horft til rafrænnar afhendingar gagna.

Í athugasemdum við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir jafnframt að gert sé ráð fyrir því að vinnsla og afhending gagnanna verði án sérstaks endurgjalds af hálfu Íbúðalánasjóðs. Lögbundin verkefni stofnunarinnar eru skilgreind og henni gert að innheimta gjöld af notendum upplýsinga og gagna í samræmi við gildandi gjaldskrá stofnunarinnar hverju sinni.

Þjóðskrá Íslands vill benda á að kostnaðarsamt er fyrir stofnunina að halda skrár og þróa þau upplýsingarkerfi sem henni eru falin að lögum. Þjóðskrá Íslands ber að fjármagna sig að mestu leyti með sjálfaflafé og undanfarin ár hefur yfir 80% fjármögnunar verið með innheimt samkvæmt gjaldskrá en ríkisframlag hefur komið á móti mismuninum. Með nýjum lögum um opinber fjármál voru þær tekjur sem stofnunin innheimtir og flokkaðar voru sem markaðartekjur reiknaðar sem ríkisframlag með þeim afleiðingum að hlutfall ríkisins telst nú um 50%.

Í þessu samhengi vill stofnunin benda á að Íbúðarlánasjóður keypti vörur og þjónustu af Þjóðskrá Íslands fyrir 16,2 milljónir króna á síðasta ári og komi til þess að Íbúðalánasjóður fái heimild til þess að fá upplýsingar og gögn frá Þjóðskrá Íslands án endurgjalds mun það annað hvort kalla á hærra ríkisframlag sem þessu nemur eða að gjaldskrá stofnunarinnar verði tekin upp og endurskoðuð til hækkunar. Gjaldfrelsi

Íbúðalánasjóðs leiðir því til þess að allur kostnaður sem af vinnu og afhendingu gagna og upplýsinga til sjóðsins verður borinn af öðrum viðskiptavinum Þjóðskrár Íslands.

Þjóðskrá Íslands áskilur sér rétt til þess að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Sé óskað frekari upplýsinga verða þær fúslega veittar.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Einar Örn Davíðsson
lögfræðingur